6.TÖLUBLAÐ

SKÁTABLAÐIÐ

26.JÚLÍ

SÓLSTAFIR

DAGLEGAR FRÉTTIR AF LANDSMÓTI SKÁTA

DAILY NEWS FROM THE ICELANDIC NATIONAL JAMBOREE



Skátafélögin sýndu hvað í þeim býr á heimsóknardeginum í gær.

Þá var mikið um að vera á svæðinu og öll skemmtu sér konunglega. Landsmótinu var svo slitið með glæsilegri hátíðarkvöldvöku og partýi sem stóð yfir fram að háttatíma. Stemningin var gríðarleg þegar þátttakendur, foringjar og sjálfboðaliðar fögnuðu góðu móti saman á lokaathöfninni. Í dag kveðjum við mótssvæðið, knúsum nýju skátavini okkar og gerum áform um að hittast aftur á næsta skátamóti.

The scout troops showed what they're made of on visitor day yesterday.

There was a lot going on around the site, and everyone had a wonderful time. The national jamboree was then closed with a spectacular festival evening and party that lasted until bedtime. The atmosphere was electric as participants, leaders, and volunteers celebrated a great jamboree together at the closing ceremony. Today we say goodbye to the jamboree site, hug our new scout friends, and make plans to meet again at the next jamboree.

Næsta landsmót verði tvöfalt stærra

We believe that the next national jamboree will be twice as big

Ritstjórn Sólstafa mætti tveimur konum í lykilhlutverki á mótinu, Ingibjörgu mótstjóra og Hörpu Ósk Skátahöfðingja. Þær eru hæstánægðar með landsmótið og segja mótið hafi verið með því besta sem hefur verið haldið. Samtals voru yfir 900 skátar á þátttökualdri á mótinu, 170 foringjar og fararstjórar og um 200 sjálfboðaliðar. Þær stefna á að næsta landsmót verði tvöfalt stærra.

"Á landsmóti fá skátar tækifæri til að standast þá áskorun sem tjaldbúð í marga daga er. Landsmót er í senn stærsti þjálfunarpósturinn okkar og stærsta uppskeran". - Harpa



Ingibjörg Guðmundsdóttir, mótsstjóri og Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi

Hvaða ráð viljið þið gefa skátum fyrir heimförina?

- **Sofið vel í tvo til þrjá daga og hafið svo samband við alla nýju vini ykkar og búið til plan til að hittast aftur**
- **Virkið hópinn ykkar, verið óhrædd að fá hugmyndir og framkvæma þær. Það eru öll til í að hjálpa, hvort sem það er félagið eða BIS**
- **Gerið þessa reynslu að afli til að fá nýja til að taka þátt**

Hvað ætlið þið að gera eftir landsmót?
"Ég ætla í heita pottinn og á Ulfljótsvatn yfir Verslunarmannahelgina" - Harpa

"Ég ætla að fara út í Hrísey og njóta þess að vera berfætt og á náttfötunum" - Ingibjörg

Að lokum vilja þær koma á framfæri þökkum til allra sem gerðu þetta mót að veruleika.

Hvað fær fólk til þess að taka að sér stór sjálfboðaliðahlutverk í skátahreyfingunni? Við spurðum Hörpu og Ingibjörgu hvað drífur þær áfram í starfinu.

"Ég fæ tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á að skátastarfið sé bæði öruggt og ævintýralegt". - Harpa

"Ég vil að börnin mín fái tækifæri til að upplifa gæða skátastarf og ef enginn annar er að fara að gera það þá þarf ég kannski bara að gera það sjálf. Mér finnst mikilvægt að skátastarf innihaldi alvöru áskoranir og tækifæri til samvinnu og sjálfstæðis". - Ingibjörg

Hvað er lykillinn að góðu skátastarfi? "Búa til áskoranir í öruggu umhverfi fyrir skáta svo þau fái reynsluna afþví að sigra"

Hver er ykkar mesti hæfileiki í skátastarfi?

"Ég er ágætis hugmyndasmiður og sé auðveldlega fyrir mér rými þar sem ævintýrin geta orðið til" - Harpa

"Ég er góð í því að virkja fólk með mér og keyra hlutina áfram" - Ingibjörg

The Sólstafir editorial team met with two women in key roles at the jamboree, camp director Ingibjörg and Scout Chief Harpa Ósk. They are extremely pleased with the national jamboree and say it was among the best ever held. In total, there were over 900 scouts of participating age at the jamboree, 170 leaders and group coordinators, and about 200 volunteers. They aim for the next national jamboree to be twice as big.

"At a national jamboree, scouts get the chance to rise to the challenge that camping for several days presents. The jamboree is at once our biggest training ground and our biggest harvest." - Harpa

What advice would you give scouts for the journey home?

- *Sleep well for two to three days, then get in touch with all your new friends and make a plan to meet up again*
- *Activate your group, don't be afraid to come up with ideas and carry them out. Most people are willing to help*
- *Turn this experience into a driving force to get new people to join in*

What makes people take on big volunteer roles in the scouting movement?
We asked Harpa and Ingibjörg what drives them in their work.

"I get the chance to have a real impact on making scouting both safe and adventurous." - Harpa

"I want my children to have the chance to experience quality scouting, and if no one else is going to make that happen, then maybe I just have to do it myself. I think it's important that scouting includes real challenges and opportunities for cooperation and independence." - Ingibjörg

What's the key to good scouting work?
"Creating challenges in a safe environment for scouts so they get the experience of overcoming them."

What's your greatest talent in scouting?
"I'm a decent idea generator and can easily picture spaces where adventures can come to life." - Harpa
"I'm good at getting people on board with me and driving things forward." - Ingibjörg
What are you going to do after the jamboree?
"I'm going to the hot tub and to Ulfljótsvatn over the Verslunarmannahelgi (August bank holiday) weekend." - Harpa
"I'm going to Hrísey to enjoy being barefoot and in my pajamas." - Ingibjörg
Finally, they would like to extend their thanks to everyone who made this jamboree a reality.





Spurningar dagsins! Questions of the day!

1. Ef þú mættir bjóða hverjum sem er, lifandi eða látnum, með þér á skátamót, hverjum myndir þú bjóða?
2. Ef þú værir hafragrautur, hversu þykkur værir þú?

1. If you could invite anyone, alive or dead, to attend a Jamboree with you, who would it be?
2. If you were porridge, how thick would you be?



Luke, 14
Ástralía

1. Michael Jackson
2. Mjög þykkur Very thick



Árndís Eva, 15
Farfuglar, Breiðdalsvík

1. Afa mínum My grandpa
2. Bara meh Just meh



Ziok Parent, 16
Kanada

1. Bestu vinum mínum My best friends
2. Þykkur en vökvakenndur Thick with floaty parts



Jack, 19
Troop 382, Navarre, USA

1. Afa mínum My grandpa
2. Þykkur Thick



Harpa, 13
Skátafélag Akraness

1. Vinkonu minni frá Danmörku My friend from Denmark
2. Mjög fljótandi Very watery



Einey, 11
Svanir, Álftanesi

1. Særúnu vinkonu minni My friend Særún
2. Meðal þykkur Medium thick

INNSENDINGAR *SUBMISSIONS*

Besta samlokan? **The best sandwich?**



Fjölnir Hraunbúi fann upp "eplasamlokuna" á fyrsta degi landsmóts. Hann setti saman samloku með smjöri, osti, skinku og þremur eplabitum í miðjunni. Síðan þá hafa Hraunbúar borðað eplasamloku á hverjum morgni og elska það!

Fjölnir from Hraunbúar invented the "apple-sandwich" on the first day of the Jamboree. He put together a sandwich with butter, cheese, ham and 3 apple slices in the middle. Since then, Hraunbúar have eaten apple sandwiches for breakfast every day and they love it!



Að vana er keppst við að reisa hæstu fánastöngina. Hæsta fánastöng Kanadamanna nær 11 metra hæð en hæsta fánastöngin á svæðinu er 17,5 metra há með íslenska fánanum.

As usual there's a competition for the tallest flag pole. The tallest pole from the Canadians is 11 meters high but the tallest pole on site is 17,5 meters high with the Icelandic flag.

Prakkarastrik **Pranksters**



Mótsblaðinu hefur borist mikill fjöldi mynda af prakkarastrikum á mótsvæðinu. Kanadabúar virðast sérstaklega öflugir prakkarar og náðu að líma Kanadíska fánann á nánast allt í tjaldbúð Vogabúa. Vogabúum tókst einnig að hrekkja nágranna sína frá Kanada með því að fylla tjaldið þeirra af blöðrum og músastigum en Kanadamenn svöruðu því með því að strengja bönd um allt tjaldið hjá Vogabúum. Ætli þau hafi náð einu prakkarastriki í viðbót áður en heim var haldið?

The jamboree newspaper has received a large number of photos of pranks around the campsite. The Canadians appear to be especially skilled pranksters, managing to stick the Canadian flag on almost everything in the Vogabúar troop's campsite. The Vogabúar scouts also managed to prank their Canadian neighbors by filling their tent with balloons and streamers, but the Canadians responded by stringing cords all over the Vogabúar troop's tent. We wonder whether they managed to pull off one more prank before heading home?











LÆRÐI AÐ BERA NAFNIÐ SITT FRAM Á LANDSMÓTI

LEARNED TO PRONOUNCE HIS NAME AT THE JAMBOREE

Grímur Chunkuo Ólafsson, 18 ára Fossbúi lærði að bera fram sitt eigið nafn á mótinu. "Ég er ættleiddur frá Kína og missti eiginlega alla menningarlegu tenginguna við fæðingarstaðinn minn. Þau frá Hong Kong voru svo indæl að kenna mér að bera fram Kínverska nafnið mitt". Grímur er foringi á landsmóti og hefur fundist mjög gaman á mótinu, þá sérstaklega þessi menningarlega tenging og að gera allskonar nýja hluti.

Grímur Chunkuo Ólafsson, 18-year-old from Selfoss (Fossbúi), learned to pronounce his own name at the event. "I was adopted from China and had pretty much lost all cultural connection to my birthplace. The people from Hong Kong were so lovely, teaching me how to pronounce my Chinese name." Grímur is a leader at the national scout jamboree and has really enjoyed the event, especially this cultural connection and getting to try all kinds of new things.









Ray K Chan, Grímur & Sunny Wong

HVERNIG LIFUM VIÐ EFTIR LANDSMÓT?
HOW WILL WE LIVE AFTER THE JAMBOREE?

Nú er landsmóti að ljúka og það getur verið erfitt að kveðja nýja vini og tjaldbúðarlífið. Þá er gott að leggja á minnið hvernig ykkur leið á mótinu, hvað þið upplifðuð og geyma hjá ykkur góðu minningarnar til að ylja ykkur við þegar á þarf að halda. Á landsmóti höfum við kynnst nýju fólki og nýjum lífsstíl, við höfum lifað í sannkölluðu skátasamfélagi og látið fara vel um okkur. Það verður skrítið að sjá tjöldin hverfa ofan í poka og skátana slæðast út af svæðinu, en þá skuluð þið brosa og hugsa; "vá hvað þetta var magnað". En ekki hafa of miklar áhyggjur, ritstjórn hefur tekið saman nokkur ráð um hvernig þið getið haldið stemningunni lifandi eftir landsmót!





10 góð ráð




1. **Sofðu áfram í svefnpoka**
2. **Farðu með vagn í eftirdragi að kaupa í matinn**
3. **Láttu einhvern framkvæma tjaldbúðarskoðun á herberginu þínu**
4. **Súrraðu nýtt eldhúsborð**
5. **Tjaldaðu í garðinum**
6. **Reyndu að bítta merki við alla sem þú hittir**
7. **EKKI taka af þér mótsklútinn**
8. **Bíddu með sturtuna í nokkra daga**
9. **Þegar þú ferð loksins í sturtu, syngdu þá mótssönginn**
10. **Bjóddu vinum þínum heim til þín á kvöldvöku**

The Jamboree is coming to an end and it can be hard to say goodbye to new friends and the life on the camp site. Then it's good to remember how you felt at the Jamboree, what you experienced and keep the good memories with you to warm yourself when you need them. At the Jamboree, we have met new people and lived a new lifestyle, we have lived in a true scouting community and have had it good. It will be strange to see the tents disappear into their bags and the scouts slink away from the area, but then you should smile and think; "wow, that was amazing". But don't worry too much, the editorial team has put together some tips on how you can keep the mood alive after the Jamboree!

10 advices that might help

1. *Keep sleeping in a sleeping bag*
2. *Go grocery shopping with a cart in tow*
3. *Make someone do a camp inspection of your room*
4. *Pioneer a new dining table*
5. *Pitch a tent in your yard*
6. *Try trading badges with everyone you meet*
7. *DON'T take off your Jamboree scarf*
8. *Put off taking a shower for a few days*
9. *When you finally take a shower, sing the Jamboree song*
10. *Invite your friends over for a campfire*







FINNDU 10 BREYTINGAR
SPOT 10 DIFFERENCES




Kveðja frá ritstjórn
Greetings from the editorial



Vigdís Fríða og Unnur Líf

"The editorial team sincerely thanks readers for their readership, interest, and scouting spirit. It has been a true honour to bring you news from the national jamboree and try to brighten the day with fun information and puzzles."

Ritstjórn þakkar lesendum kærlega fyrir lesturinn, áhugann og skátaandann. Það hefur verið sannur heiður að fá að færa ykkur fréttir af landsmóti og reyna að lífga upp á daginn með skemmtilegum upplýsingum og þrautum.

Ritstjórn: Unnur Líf Kvaran og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir
Blaðamenn: Högni Gylfason og Helgi Þórr Sigurðsson
Ljósmyndarar: Andrea Dagbjört Vatnsdal Pálsdóttir og Davíð Hörgdal Stefánsson
Yfirlesarar: Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir og Björn Víkingur Þórðarson